

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 126

Apríl 2013

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

VORFUNDUR

Vorfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2013 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Mælingar á Fletcher Promontory á Suðurskautslandinu, Guðfinna Aðalgeirsdóttir.
Myndasýning - Íslenskir smájöklar á hverfanda hveli, Oddur Sigurðsson.

VORFUNDUR

Vorfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2013 kl. 20 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Guðfinna Aðalgeirsdóttir heldur erindi um tvær ferðir til mælinga á Suðurskautlandinu en að loknu kaffihléi sýnir Oddur Sigurðsson myndir undir yfirskriftinni „Íslenskir smájöklar á hverfanda hveli“.



Mynd: Guðfinna og Scott Webster að leggja af stað frá Sky Blu til Fletcher Promontory þar sem þau voru skilin tvö eftir í um 2 vikur (Guðfinna Aðalgeirsdóttir).

MÆLINGAR Á SUÐURSKAUTSLANDINU

Tvö síðustu sumur á suðurhveli jarðar hefur Guðfinna Aðalgeirsdóttir tekið þátt í verkefni Bresku Suðurskauts Stofnunarinnar (British


Antarctic Survey, BAS) á Fletcher Promontory (77.5°S 82.4°W), undir stjórn Íslandsvinarins Richard Hindmarsh. Þetta svæði er á þreföldum ísaskilum sem einnig hafa svokallað "Raymond bump" (ísalögin fyrir neðan ísaskilin lyftast upp vegna breytilegrar seigju íssins) en verkefnið snýst um hegðun jökulsins við þessar aðstæður. Í fyrri ferðinni var einnig annar hópur á sama svæði sem boraði ískjarna á ísaskilunum, en í seinna skiptið í nóvember 2012, voru Guðfinna og Scott Webster aðstoðarmaður frá BAS skilin eftir tvö til að gera mælingarnar. Unnar voru mjög nákvæmar íssjármælingar á um 120 punktum og þær endurteknar ári síðar til að geta reiknað út lóðréttu aflögun íssins á ísaskilunum. Einnig voru gerðar GPS hraðamælingar á stikum í kringum svæðið, til að meta hreyfingu, og hitastigið í borholu var jafnframt mælt. Í erindinu verða sýndar myndir frá báðum ferðunum og gerð grein rannsóknunum sem unnar voru.



Mynd: Íssjármæling á Suðurskautlandinu (Guðfinna Aðalgeirsdóttir).

ÍSLENSKIR SMÁJÖKLAR Á HVERFANDA HVELI - MYNDASÝNING -

Frá hámarki litlu ísaldar (um 1890 hér á landi) hafa íslenskir jöklar látið mjög á sjá. Stærstu jöklarnir standa sig hlutfallslega best. Vatnajökull einn allra heldur meira en 9/10 af flatamáli sínu. Margir smájöklar hafa horfið með öllu. Hraðast gengur á þá jökla sem í hlýjum árum "missa" snælinuna upp fyrir sig, svo sem Okjökull, Torfajökull og Hofsjökull eystri. Af þeim er innan við helmingur flatarmáls eftir.



Mynd: Okjökull 15. september 2003, en þangað er sumarferð JÖRFÍ fyrirhuguð fyrstu helgi júlímánaðar (Oddur Sigurðsson).

HAUSTFERÐ


Stefnt er að hefðbundinni 13. septemberferð í Jökulheima í haust. Frekari upplýsingar munu berast inn á heimasíðu félagsins: "<http://www2.jorfi.is>" þegar nær dregur.

SUMARFERÐ

Jöklarannsóknafélagið ráðgerir sumarferð á Okjökul fyrstu helgina í júlí (7.-9.). Flestir kannast við Okið, sem er grágrýtisdyngja með toppgíg, áþekk Skjaldbreið. Dyngjulögunin blasir vel við af Kaldadal en úr Borgarfjarðardölum ber meira á Oköxlinni, sem er móbergsfjall utan í dyngjunni. Jökullinn á Oki hefur látið mjög á sjá á undanförunum árum og hefur lón verið að myndast í toppgígnum, þar sem hluti jökulhettunnar lá áður yfir.

Áætlað er að ganga frá Kaldadal upp á hæsta koll Oksins og litast um kringum lónið nýja. Af Okinu er mikilfenglegt útsýni til Langjökuls, Eiríksjökuls og Þórisjökuls. Síðan verður gengið norður af dyngjunni og niður í tjaldstað við Hringsgil, vestarlega í landi Húsafells. Í Hringsgili verður slegið upp grillveislu um kvöldið. Á sunnudeginum verður ekin fáfarin jeppaslóð til vesturs meðfram Reykjadalssá og ef tími vinnst til mætti einnig skoða nýja sýningu um Snorra Sturluson í Reykholti.

Skráning í ferðina fer fram á netfangið: sumarferd@gmail.com, eða hjá Hálfadáni Ágústssyni í síma 8659551. Frekari upplýsingar um sumarferðina birtast á vefsíðu félagsins: “<http://www2.jorfi.is>” er nær dregur.



Kort: Ok samkvæmt kortum danska herforingjaráðsins.

AÐALFUNDUR 2013

Aðalfundur JÖRFÍ var haldinn 26. febrúar síðastliðinn í Öskju. Fundarstjóri var kosinn Tómas Jóhannesson og Finnur Pálsson fundarritari. Flutt var skýrsla formanns og endurskoðaðir reikningar samþykktir. Engar breytingar urðu á stjórn. Á fyrsta stjórnarfundum 11. mars skipti stjórnin með sér verkum og skipaði nefndarformenn. Skipan nefnda var staðfest á stjórnarfundum 8. apríl.

Stjórn JÖRFÍ 2013:

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður
Magnús Hallgrímsson, varaformaður
Valgerður Jóhannsdóttir, gjaldkeri
Þorsteinn Þorsteinsson, ritari
Árni Páll Árnason, meðstjórnandi

Varastjórn: Hálf dán Ágústsson, Hallgrímur Þorvaldsson, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þóra Karlsdóttir.

Nefndir JÖRFÍ:

Rannsóknanevnd: Magnús Tumi Guðmundsson (formaður), Alexander Jarosch, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Eyjólfur Magnússon, Finnur Pálsson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Hálf dán Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Steinunn S. Jakobsdóttir, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.

Bílanefnd: Árni Páll Árnason (formaður), Eiríkur Lárusson, Garðar Briem, Sigurður Vignisson og Hallgrímur Þorvaldsson.

Skálanefnd: Ragnar Þór Jörgensen (formaður), Gunnar Antonsson (varaformaður) Aðalsteinn Svavarsson, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Leifur Þorvaldsson, Snæbjörn Sveinsson, Stefán Bjarnason, Sverrir Hilmarrson, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristvinsson.

Ferðanefnd: Sjöfn Sigsteinsdóttir (formaður), Árni Páll Árnason, Hlynur Skagfjörð og Magnús Tumi Guðmundsson.

Ritstjórar Jökuls: Bryndís Brandsdóttir, Leó Kristjánsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

Ritnefnd Jökuls: Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Robert S. Dietrick, Tómas Jóhannesson og William H. Menke.

Skemmtinefnd: Skipuð að fullu síðar.

Valnefnd: Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

FÉLAGSGJÖLD JÖRFÍ

Félagsgjöld JÖRFÍ hafa nú verið hækkuð lítillega frá síðasta ári. Félagsgjöldin hafa verið ákveðin kr. 5.800,- á þessu ári en nemenda- og fjölskyldugjald verður kr. 2.500,-.

KÚNSTIR NÁTTÚRUNNAR

Á vorfundi JÖRFÍ verður enn til sölu ”Kúnstir náttúrunnar - Aldarslagur Sigurðar Þórarinssonar 1912-2012”, tveggja diska safn söngva og myndefnis sem tengist Sigurði Þórarinssyni, og gefið út í tilefni þess að Sigurður hefði orðið 100 ára á nýliðnu ári. Safnið kostar kr. 4000,- og á vorfundinum verður einungis hægt að greiða fyrir diskana með reiðufé. Frekari upplýsingar er að finna á vef félagsins: “<http://www2.jorfi.is>”.



**Mynd: Rosabaugur yfir Sky Blu, sumarflugvelli BAS á Suðurskautslandinu.
(Guðfinna Aðalgeirsdóttir).**

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfán Ágústsson